

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1347****2018/EES/33/28**

frá 13. júlí 2017

um leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 39. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB <sup>(3)</sup> og 2005/78/EB, einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/46/EB er settur rammi um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætluð eru í slík ökutæki. Breyta þarf nokkrum atriðum í þessum ramma til að taka tillit til hinnar nýju reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 <sup>(4)</sup>, einkum í tengslum við upplýsingaskjal framleiðanda, prófunarskýrslur, samræmisvottorð og skilyrði við gerðarviðurkenningu.
- 2) Í reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 er þess krafist að ný létt og þung ökutæki uppfylli tiltekin losunarmörk og í þeim er mælt fyrir um frekari kröfur um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 192, 24.7.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtið. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

- 3) Að því er varðar þung ökutæki voru tiltekin sértæk tæknileg ákvæði, sem nauðsynleg eru til að framkvæma ákvæði reglugerðar (EB) nr. 595/2009, samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 <sup>(1)</sup>. Leiðrétta þarf nokkrar tæknilegar villur í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 til tryggja rétta beitingu hennar.
- 4) Að því er varðar létt ökutæki voru tiltekin sértæk tæknileg ákvæði, sem nauðsynleg eru til að framkvæma ákvæði reglugerðar (EB) nr. 715/2007, samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 692/2008 <sup>(2)</sup> og reglugerð (ESB) 2017/1151. Með breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 voru innleiddar nýjar aðferðir fyrir losun við uppgufun með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1221 <sup>(3)</sup>. Með reglugerð (ESB) 2017/1151 var gerðarviðurkenningaraðferðin færð til samræmis við prófunaraðferðina fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (WLTP-prófunaraðferðin), eins og mælt er fyrir um í heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 15.
- 5) Að því er varðar nýju prófunaraðferðina fyrir losun við uppgufun ætti að gera skýra grein fyrir dagsetningunni þegar breytingarnar, sem teknar voru upp með reglugerð (ESB) 2017/1221, koma til framkvæmda. Nýja prófunaraðferðin ætti að verða lögboðin innan Sambandsins í tengslum við allar nýjar gerðarviðurkenningar og fyrstu skráningu ökutækja frá og með 1. september 2019.
- 6) Að því er varðar nýju WLTP-prófunaraðferðina ætti að leiðrétta nokkrar tæknilegar villur í 2. og 15. gr og í I. viðauka, III. viðauka A., V., VII., VIII., XII. og XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 í því skyni að tryggja rétta beitingu hennar.
- 7) Þar að auki ætti að skýra betur ákvæðin um öikumótstöðufylkjahóp (e. *road load matrix family*) í WLTP-prófunaraðferðinni.
- 8) Leiðréttingarnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru órjúfanlega tengdar því það er eingöngu í heild sinni sem þær tryggja rétta beitingu viðeigandi gerðarviðurkenningarráðstafana.
- 9) Því ber að leiðrétta tilskipun 2007/46/EB, reglugerð (ESB) nr. 715/2007, reglugerð (ESB) nr. 582/2011, reglugerð (ESB) 2017/1221 og reglugerð (ESB) 2017/1151 til samræmis við það.
- 10) Í ljósi nauðsynjar þess að tryggja rétta beitingu reglugerðar (ESB) 2017/1221 og reglugerðar (ESB) 2017/1151 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Leiðrétting á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæði I., VIII., IX. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eru leiðrétt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

#### Leiðrétting á reglugerð (ESB) nr. 582/2011

Ákvæði I., II. og X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

<sup>(1)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1221 frá 22. júní 2017 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar aðferð til að ákvarða losun við uppgufun (Prófun 4) (Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2017, bls. 3).

## 3. gr.

**Leiðrétting á reglugerð (ESB) 2017/1221**

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1221:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2019.“

## 4. gr.

**Leiðrétting á reglugerð (ESB) 2017/1151**

Reglugerð (ESB) 2017/1151 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 3. skilgreiningarliðar komi eftirfarandi:

„3) „kílómetramælir“: tæki sem sýnir öikumanni heildarvegalegdina sem ökutæki hefur verið ekið frá framleiðslu þess,“

b) ákvæði 33. liðar falli brott,

c) í stað 47. og 48. skilgreiningarliðar komi eftirfarandi:

„47) „einlaga geymir“: eldsneytisgeymir gerður úr einu lagi efnis, þó ekki málmgeymir, en þ.m.t. flúoruð/súlfónuð efni,

48) „marglaga geymir“: eldsneytisgeymir gerður úr a.m.k. tveimur mismunandi lagskiptum efnum þar sem annað þeirra er tálmi gegn vetniskolefnum,“

d) eftirfarandi 49. skilgreiningarliður bætist við:

„49) „tregðuflokkur“: flokkur prófunarmassa ökutækis, sem samsvarar tregðujafngildi eins og mælt er fyrir um í töflu A4a/3 í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, þegar prófunarmassinn er jafn viðmiðunarmassanum.“

2) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Frá og með 1. september 2017, að því er varðar ökutæki í flokki M1 og M2 sem og í flokki N1, I. undirflokki, og frá 1. september 2018, að því er varðar ökutæki í flokki N1, II. og III. undirflokki, og ökutæki í flokki N2, skulu yfirvöld í hverju landi fyrir sig synja, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu, um veitingu EB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar.

Fyrir nýjar gerðarviðurkenningar sem óskað er eftir fyrir 1. september 2019 má, að ósk framleiðanda, beita prófunaraðferðinni fyrir losun við uppgufun, sem mælt er fyrir um í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, í staðinn fyrir aðferðina, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við þessa reglugerð, til að ákvarða losun við uppgufun frá ökutækinu.

3. Af ástæðum er varða losun eða eldsneytiseyðslu skulu yfirvöld hvers lands um sig líta svo á, þegar um er að ræða ný ökutæki sem ekki uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, að samræmisvottorð ökutækja í flokki M1, M2 og flokki N1, I. undirflokki, gildi ekki eftir 1. september 2018 og samræmisvottorð ökutækja í flokki N1, II. og III. undirflokki, gildi ekki eftir 1. september 2019 að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu banna að slík ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun.

Fyrir ný ökutæki sem eru skráð fyrir 1. september 2019 má, að ósk framleiðanda, beita prófunaraðferðinni fyrir losun við uppgufun, sem mælt er fyrir um í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, í staðinn fyrir aðferðina, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við þessa reglugerð, til að ákvarða losun við uppgufun frá ökutækinu.“

b) í stað a-liðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„a) skal viðurkenningaryfirvaldið viðurkenna prófanir af tegund 1/I sem eru framkvæmdar í samræmi við III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 692/2008 í þrjú ár eftir dagsetningarnar, sem eru tilgreindar í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, í þeim tilgangi að framleiða slitna eða gallaða íhluti til að líkja eftir bilunum við mat á kröfunum í XI. viðauka við þessa reglugerð.“

c) eftirfarandi c-liður 5. mgr. bætist við:

„c) skal viðurkenningaryfirvaldið viðurkenna sýniprófanir á endingu, þar sem fyrsta prófunin af tegund 1/I var framkvæmd og henni lokið í samræmi við VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 í þrjú ár eftir dagsetningarnar sem eru tilgreindar í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem jafngildi þess að uppfylla kröfurnar í VII. viðauka við þessa reglugerð.“

3) Ákvæðum I. viðauka, III. viðauka A, V., VI., VII., VIII., XII. og XXI. viðauka er breytt til samræmis við III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

I. VIÐAUKI

Tilskipun 2007/46/EB er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði I. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) í stað liðar 3.2.12.2.1.3 komi eftirfarandi:

„3.2.12.2.1.3. Gerð hvörfunar: ... (oxun, þrívirk, NOx-skilja fyrir veika blöndu, valvís afoxun með hvata (SCR), köfnunarefnisoxíðshvati fyrir veika blöndu eða annað)“,

b) númer liðar „3.2.12.7.6.3.“ skal breytt í „3.2.12.2.7.6.3.“,

c) eftirfarandi liðir bætist við:

„3.5.7.2.1.1.0. Hálosandi ökutæki (VH) (e. *Vehicle High*) (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.1.2.0. Láglosandi ökutæki (VL) (ef við á) (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.2.1.0. Hálosandi ökutæki (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.2.2.0. Láglosandi ökutæki (ef við á) (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.2.3.0. Miðlosandi ökutæki (ef við á) (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.3.1.0. Hálosandi ökutæki (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.3.2.0. Láglosandi ökutæki (ef við á) (NEDC): ..... g/km“,

„3.5.7.2.3.3.0. Miðlosandi ökutæki (ef við á) (NEDC): ..... g/km“.

2) Ákvæði VIII. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) í töflunni „Leiðrétting á umhverfishita (ATCT-pröfun“ í lið 2.1.1 falli dálkurinn „Ökumótstöðufylkjahópur“ brott,

b) þriðja taflan í lið 3.1 með dálkana „Auðkenni ökumótstöðufylkjahóps“ og „Afbriðgi/útfærsla“ falli brott,

c) dálkurinn „Auðkenni ökumótstöðufylkjahóps“ í fjórðu töflu „Niðurstöður“ í lið 3.1 falli brott,

d) í lok töflunnar „Niðurstöður“ í lið 3.1 bætist eftirfarandi lína við:

„Framhlið (m <sup>2</sup> ) (eingöngu fyrir ökutæki í ökumótstöðufylkjahópi)“,			
--	--	--	--

e) í lið 3.1 falli neðanmálgrein 23 brott,

f) í stað síðustu línu í lið 3.1 undir töflunni „Niðurstöður“ komi eftirfarandi:

„Endurtakið fyrir hvern brúunarhóp.“,

g) þriðja taflan í lið 3.2 með dálkunum „Auðkenni ökumótstöðufylkjahóps“ og „Afbriðgi/útfærsla“ falli brott,

h) dálkurinn „Auðkenni ökumótstöðufylkjahóps“ í fjórðu töflu „Niðurstöður“ í lið 3.2 falli brott,

i) í stað síðustu línu í töflunni „Niðurstöður“ í lið 3.2 komi eftirfarandi:

„Framhlið (m <sup>2</sup> ) (eingöngu fyrir ökutæki í ökumótstöðufylkjahópi)“,			
--	--	--	--

j) þriðja taflan í lið 3.3 með dálkunum „Auðkenni ökumótstöðufylkjahóps“ og „Afbriðgi/útfærsla“ falli brott,

k) dálkurinn „Auðkenni fylkjahóps“ í fjórðu töflu „Niðurstöður“ í lið 3.3 falli brott,

l) í stað síðustu línu í töflunni „Niðurstöður“ í lið 3.3 komi eftirfarandi:

„Framhlið (m <sup>2</sup> ) (eingöngu fyrir ökutæki í öikumótstöðufylkjahópi)“,			
---	--	--	--

m) í stað liðar 3.5 komi eftirfarandi:

„3.5. Frálagsskýrsla eða -skýrslur fylgnitólsins í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1151

Endurtakið fyrir hvern brúunarhóp:

Auðkenni brúunarhóps [Neðanmálgrein: „Gerðarviðurkenningarnúmer + Raðnúmer brúunarhóps“]: ...

Skýrsla fyrir hálosandi ökutæki: ...

Skýrsla fyrir láglosandi ökutæki (ef við á): ...

3.5.1. Frávíksstuðull (ef við á)

Endurtakið fyrir hvern brúunarhóp:

Auðkenni brúunarhóps [Neðanmálgrein: „Gerðarviðurkenningarnúmer + Raðnúmer brúunarhóps“]: ...

3.5.2. Sannprófunarstuðull (ef við á)

Endurtakið fyrir hvern brúunarhóp:

Auðkenni brúunarhóps [Neðanmálgrein: „Gerðarviðurkenningarnúmer + Raðnúmer brúunarhóps“]: ...“.

3) Ákvæði IX. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) í stað 49. liðar í II. hluta, *Ófullbúin ökutæki, síðu 2*, „Ökutækjaflokkur M1“, „Ökutækjaflokkur N1“, „Ökutækjaflokkur M2“ og „Ökutækjaflokkur N2“ komi eftirfarandi:

„49. Koltvísýringslosun/eldsneytisnotkun/raforkunotkun (m) (l):

1. Allar aflrásir, nema í ökutækjum sem eru eingöngu rafknúin (ef við á)

NEDC-gildi	Koltvísýringslosun	Eldsneytisnotkun
Akstur í þéttbýli (l):	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km (l)
Akstur utan þéttbýlis (l):	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km (l)
Blandaður akstur (l):	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km (l)
Veginn (l), blandaður akstur	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km
Frávíksstuðull (ef við á)		
Sannprófunarstuðull (ef við á)	„1“ eða „0“	

2. Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin og tvinnrafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins (ef við á)

Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur (l))		... Wh/km
Drægi á rafmagni		... km

3. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (einni eða fleiri): já/nei <sup>(1)</sup>
- 3.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar <sup>(P<sup>1</sup>)</sup>: ...
- 3.2. Heildarsparnaður í losun koltvísýrings vegna vistvænnar nýsköpunar <sup>(P<sup>2</sup>)</sup> (gera skal sams konar töflu fyrir hvert viðmiðunareldsneyti sem er prófað):
- 3.2.1 NEDC-sparnaður: ...g/km (ef við á)
- 3.2.2 WLTP-sparnaður: ...g/km (ef við á)
4. Allar afkrásir, nema í ökutækjum sem eru eingöngu rafknúin, sam kvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151 (ef við á)

WLTP-gildi	Koltvísýringslosun	Eldsneytisnotkun
Lítill <sup>(1)</sup> :	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>
Í meðallagi <sup>(1)</sup> :	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>
Mikil <sup>(1)</sup> :	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>
Mjög mikil <sup>(1)</sup> :	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>
Blandaður akstur:	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>
Veginn, blandaður akstur <sup>(1)</sup>	... g/km	... l/100 km eða m <sup>3</sup> /100 km eða kg/100 km <sup>(1)</sup>

5. Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin og tvinnrafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins, samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1151 (ef við á)
- 5.1. Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin

Raforkunotkun		... Wh/km
Drægi á rafmagni		... km
Drægi á rafmagni, innanbæjarakstur		... km

- 5.2. Tvinnrafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins

Raforkunotkun ( $EC_{AC,weighted}$ )		... Wh/km
Drægi á rafmagni (EAER)		... km
Drægi á rafmagni, innanbæjarakstur (EAER, innanbæjarakstur)		... km <sup>2</sup> ,

- b) í I. hluta, *Fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum, Síða 2* „Ökutækjaflokkur M3“ og „Ökutækjaflokkur N3“, og í II. hluta, *Ófullbúin ökutæki, Síða 2*, „Ökutækjaflokkur M3“ og „Ökutækjaflokkur N3“ falli liður 47.1 brott,
- c) í I. hluta, *Fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum, Síða 2* „Ökutækjaflokkur M2“ og „Ökutækjaflokkur N2“, og í II. hluta, *Ófullbúin ökutæki, Síða 2*, „Ökutækjaflokkur M2“ og „Ökutækjaflokkur N2“ bætist tilvisun við skýringu „(1)“ í lið 47.1.

II. VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 9. viðbætis í I. viðauka komi eftirfarandi:

„9. viðbætur

**Númerakerfi EB-gerðarviðurkenningarvottorðs**

Í 3.lið í EB-gerðarviðurkenningarnúmerinu, sem gefið er út skv. 6. gr. (1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (1. mgr.), skal koma fram númerið á þeim framkvæmdarstjórnvaldsfyrirmælum eða nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um EB-gerðarviðurkenninguna. Á eftir þessu númeri skal fylgja bókstafur sem auðkennir kröfur sem gerðar eru til innbyggðra greiningarkerfa (OBD) og kerfa fyrir valvísu afoxun með hvata í (SCR) samræmi við töflu 1.

Tafla 1

Rittákn	NO <sub>x</sub> OTL <sup>(1)</sup>	PM OTL <sup>(2)</sup>	CO OTL <sup>(6)</sup>	IUPR <sup>(13)</sup>	Gæði hvarfmiðils	Auka vaktarar fyrir innbyggða greiningarkerfið <sup>(12)</sup>	Kröfur fyrir aflþröskuldinn <sup>(14)</sup>	Framkvæmdardagsetningar: nýjar gerðir	Framkvæmdardagsetningar: öll ökutæki	Síðasta dagsætning skráningar
A <sup>(9)</sup> (10) B <sup>(10)</sup>	Röðin „tímabil innleiðingar í áföngum“ í töflu 1 eða töflu 2	Vöktun á frammi-stöðu <sup>(3)</sup>	Á ekki við	Innleiðing í áföngum <sup>(7)</sup>	Innleiðing í áföngum <sup>(4)</sup>	Á ekki við	20%	31.12.2012.	31.12.2013.	31.8.2015 <sup>(9)</sup> 30.12.2016 <sup>(10)</sup>
B <sup>(11)</sup>	Röðin „tímabil innleiðingar í áföngum“ í töflu 1 og töflu 2	Á ekki við	Röðin „tímabil innleiðingar í áföngum“ í töflu 2	Á ekki við	Innleiðing í áföngum <sup>(4)</sup>	Á ekki við	20%	1.9.2014	1.9.2015	30.12.2016
C	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 1 eða töflu 2	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 1	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 2	Almennt <sup>(8)</sup>	Almennt <sup>(5)</sup>	Já	20%	31.12.2015	31.12.2016	31.8.2019
D	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 1 eða töflu 2	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 1	Röðin „almennar kröfur“ í töflu 2	Almennt <sup>(8)</sup>	Almennt <sup>(5)</sup>	Já	10%	1.9.2018	1.9.2019	

Skýringar:

- (1) „Viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins fyrir NO<sub>x</sub> (NO<sub>x</sub> OTL)“: vöktunarkröfur sem settar eru fram í töflu 1 í X. viðauka fyrir þjöppukveikjuhreyfla og tvíþrennihreyfla og -ökutæki og í töflu 2 í X. viðauka fyrir hreyfla og ökutæki með rafkveikju.
- (2) „viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins að því er varðar efnisagnir (PM OTL)“: vöktunarkröfur sem settar eru fram í töflu 1 í X. viðauka fyrir þjöppukveikjuhreyfla og tvíþrennihreyfla og -ökutæki.
- (3) Kröfur varðandi „vöktun á frammistöðu“ sem settar eru fram í lið 2.1.1 í X. viðauka.
- (4) Kröfur varðandi gæði virks efnis fyrir „innleiðingu í áföngum“, sem settar eru fram í lið 7.1 í XIII. viðauka.
- (5) „Almennar“ kröfur um gæði hvarfmiðils, sem settar eru fram í lið 7.1.1 í XIII. viðauka.
- (6) „Viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins að því er varðar kolsýring (CO OTL)“: vöktunarkröfur, sem settar eru fram í töflu 2 í X. viðauka fyrir hreyfla og ökutæki með rafkveikju.
- (7) Kröfur að því er varðar hlutfall frammistöðu við notkun (IUPR) fyrir „innleiðingu í áföngum“, sem settar eru fram í 6. lið í X. viðauka.
- (8) „Almennar“ kröfur að því er varðar hlutfall frammistöðu við notkun (IUPR) sem settar eru fram í 6. lið í X. viðauka.
- (9) Fyrir hreyfla með rafkveikju og ökutæki sem eru búin slíkum hreyflum.
- (10) Fyrir þjöppukveikjuhreyfla og tvíþrennihreyfla og ökutæki sem eru búin slíkum hreyflum.
- (11) Gildir aðeins um rafkveikjuhreyfla og ökutæki sem eru búin slíkum hreyflum.
- (12) Viðbótarákvæði varðandi vöktunarkröfur sem settar eru fram í lið 2.3.1.2 í 9. viðauka A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.
- (13) Forskriftir fyrir hlutfall frammistöðu við notkun (IUPR) eru settar fram í X. viðauka. Hreyflar með rafkveikju og ökutæki sem eru búin slíkum hreyflum falla ekki undir hlutfall frammistöðu við notkun.
- (14) Krafa um samræmi ökutækja í notkun (ISC-krafa), sett fram í 1. viðbæti við II. viðauka.“



2) Í stað 1. liðar í 1. viðbæti II. viðauka komi eftirfarandi:

„1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst aðferðinni sem notuð er til að ákvarða losun lofttegunda með mælingum sem framkvæmdar eru í ökutæki í akstri með færanlegu mælikerfi fyrir losun (hér eftir „PEMS“). Losun mengandi efna sem mæla skal í útblæstri hreyfilsins eru m.a. eftirtaldir efnisþættir: kolsýringur, heildarmagn vetniskolefna og köfnunarefnisoxíð í tilviki hreyfla með þjöppukveikju og kolsýringur, vetniskolefni, önnur en metan, metan og köfnunarefnisoxíð í tilviki hreyfla með rafkveikju. Enn fremur skal mæla koltvísýring svo mögulegt sé að nota reikningsaðferðirnar sem lýst er í 4. lið.

Hvað varðar hreyfla sem knúnir eru jarðgasi getur framleiðandi, tækniþjónustan eða viðurkenningaryfirvaldið valið að mæla aðeins heildarvetniskolefnislosun í staðinn fyrir að mæla metanlosun og losun vetniskolefna, annarra en metans. Í því tilviki eru losunarmörkin fyrir heildarvetniskolefnislosun þau sömu og tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir metanlosun. Fyrir útreikning á samræmisstuðlum, samkvæmt liðum 4.2.3 og 4.3.2 í þessum viðbæti, eru aðeins notuð losunarmörk metans.

Hvað varðar hreyfla sem knúnir eru öðru en jarðgasi getur framleiðandi, tækniþjónustan eða viðurkenningaryfirvaldið valið að mæla heildarvetniskolefnislosun í staðinn fyrir að mæla losun vetniskolefna, annarra en metans. Í því tilviki eru losunarmörkin fyrir heildarvetniskolefnislosun þau sömu og tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009 fyrir losun vetniskolefna, annarra en metans. Fyrir útreikning á samræmisstuðlum, samkvæmt liðum 4.2.3 og 4.3.2 í þessum viðbæti, eru notuð losunarmörk vetniskolefna, annarra en metans.“

3) Í stað liðar 2.4.1.3 í X. viðauka komi eftirfarandi:

„2.4.1.3. Staðallinn Euro 6-2 fyrir innbyggð greiningarkerfi í töflu 1 í 6. viðbæti við I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 692/2008 telst jafngildur bókstöfunum C og D í töflu 1 í 9. viðbæti við I. viðauka þessarar reglugerðar.“

III. VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) 2017/1151 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði I. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) í stað myndar I.2.4 í lið 2.4 komi eftirfarandi:

„Mynd I.2.4

**Beiting prófunarkrafna fyrir gerðarviðurkenningu og rýmkun**

Ökutækjaflokkur	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki <sup>(1)</sup>								Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki	Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin	Vetnisknúin ökutæki með efnarafal
	Ein eldsneytistegund				Tvær eldsneytistegundir <sup>(3)</sup>			Fjölblöndu-eldsneyti <sup>(2)</sup>			
Viðmiðunar-eldsneyti	Bensín (E10)	Fljótandi jarðolúgas	Jarðgas/lífmétan	Vetni (ICE)	Bensín (E10) Fljótandi jarðolúgas	Bensín (E10) Jarðgas/lífmétan	Bensín (E10) Vetni (ICE) <sup>(4)</sup>	Bensín (E10) Etanól (E85)	Dísilolía (B7) <sup>(5)</sup>	—	Vetni (Efnarafall)
Mengandi lofttegundir (Prófun 1)	Já	Já	Já	Já <sup>(4)</sup>	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)			
Massi efnisagna (PM) (Prófun 1)	Já <sup>(2)</sup>	—	—	—	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (báðar eldsneytistegundir)	Já	—	—
Fjöldi efnisagna (PN)	Já <sup>(2)</sup>	—	—	—	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (eingöngu bensín)	Já <sup>(2)</sup> (báðar eldsneytistegundir)	Já	—	—
Mengandi lofttegundir, RDE (prófun 1A)	Já	Já	Já	Já <sup>(4)</sup>	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já	—	—
PN, RDE (prófun 1A)	Já <sup>(2)</sup>	—	—	—	Já (báðar eldsneytistegundir) <sup>(2)</sup>	Já (báðar eldsneytistegundir) <sup>(2)</sup>	Já (báðar eldsneytistegundir) <sup>(2)</sup>	Já (báðar eldsneytistegundir) <sup>(2)</sup>	Já	—	—
Losun í lausagangi (Prófun 2)	Já	Já	Já	—	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (eingöngu bensín)	Já (báðar eldsneytistegundir)	—	—	—

Ökutækjaflokkur	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki <sup>(1)</sup>								Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki	Ökutæki sem eru eingöngu rafknúin	Vetnisknúin ökutæki með efnarafal
	Ein eldsneytistegund				Tvær eldsneytistegundir <sup>(2)</sup>						
Losun frá sveifarhúsi (Prófun 3)	Já	Já	Já	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	—	—	—
Losun við uppgufun (Prófun 4)	Já	—	—	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	—	—	—
Ending (Prófun 5)	Já	Já	Já	Já	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já	—	—
Losun við lágt hitastig (Prófun 6)	Já	—	—	—	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (báðar eldsneytistegundir)	—	—	—
Samræmi ökutækja í notkun	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já (báðar eldsneytistegundir)	Já	—	—
Innbyggð greiningarkerfi	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	—	—
